Föstudaginn 23. júní 1995.

Nr. 210/1995. **Guðmundur Kristinsson**
(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)
gegn
Þorbjörgu Atladóttur
(Árni Grétar Finnsson hrl.)

Kærumál. Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. júní 1995, sem barst réttinum 16. sama mánaðar. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. maí 1995, sem varðar ágreining um fjárskipti vegna sambúðarslita aðila.

Hinn kærða úrskurð kvað upp Ingveldur Einarsdóttir, settur héraðsdómari, en við aðalmeðferð málsins var hún fulltrúi dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Á fyrri stigum málsins hafði hún sem slík meðal annars dómkvatt matsmenn og úrskurðað vegna kröfu um málskostnaðartryggingu. Í dómi Hæstaréttar 18. maí 1995 í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .". Á þetta jafnt við um einkamál sem opinber mál. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og vísa málinu heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar.

Kærumálskostnaður skal falla niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og öll meðferð máls þessa fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, og er málinu vísað heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.